

lausafjártryggingar, en brunabótasjóðir samkvæmt 1. gr. þeirra laga verða frá sama tíma eign sveitarfélaga þeirra, er hlut eiga að máli, og má ekki skerða þá einstæðu án samþykkis sýslunefndar. 26
23. júní

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Christiansborgarhöll, 23. júní 1932.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Dorsteinn Briem.

L Ö G

um

samgöngubætur og fyrirhleðslur á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts.

27
23. júní

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Til þess að bæta samgöngur um vatnasvæði Þverár og Markarfljóts í Rangárvallasýslu og varna skemmdum og ágangi vatns, skal gera þessi mannvirki:

1. Brú á Þverá nálægt Dufþaksholti.
2. Brú á Affall nálægt Ossabæ.
3. Brú á Markarfljót móts við Litlu Dímon.
4. Nauðsynlegar fyrirhleðslur til þess að veita Markarfljóti og Álum að brúaropinun hjá Litlu Dímon.
5. Nauðsynlegar vegabætur í sambandi við brýrnar.
6. Nauðsynlegar fyrirhleðslur og önnur mannvirki til varnar yfirvofandi stórfelldum skemmdum á vatnasvæðinu að dómi atvinnumálaráðherra.
7. Flóðgáttir til áveitu, þar sem öruggt er og nauðsyn þykir.

27

23. júní

2. gr.

Vegurinn frá vegamótum Fljótshlíðarvegur fyrir vestan Garðsauka um brýr þær, sem taldar eru í 1. gr., skal vera þjóðvegur, og kostar ríkissjóður að öllu mannvirki þau, sem talin eru í 1. gr. 1.—5. lið.

Brýr á Þverá og Affall skal gera sem fulltraustar bráðabirgðabrýr.

Nauðsynlegar fyrirhleðslur og önnur mannvirki, sem talin eru í 1. gr. 6. og 7. lið, skal kosta þannig:

Varnir fyrir innan Hlíðarenda í Fljótshlíð fyrir ágangi Þverár kostar ríkissjóður að $\frac{7}{8}$ hlutum, en sýslufélag Rangárvallasýslu að $\frac{1}{8}$ hluta. Ennfremur í sömu hlutföllum þær varnir, sem annarsstaðar verða nauðsynlegar vegna aukins vatnsmagns af fyrirhleðslum, svo og endurbætur á Seljalandsgarðinum, sem nauðsynlegar þykja í sambandi við brúargerð á Markarfljóti.

Varnir annarsstaðar og flóðgáttir kosta sömu aðilar að $\frac{3}{4}$ og $\frac{1}{4}$ hluta.

3. gr.

Sýslunefnd Rangárvallasýslu veitist heimild til að jafna niður, að einhverju eða öllu leyti, þeim hluta fyrirhleðslukostnaðarins, sem sýslufélaginu ber að inna af hendi samkvæmt 2. gr., á þær jarðir í sýslunni, sem hagnað hafa af fyrirhleðslunni.

Við niðurfjöfnun þessa skal aðallega miðað við þær auknar nytjar, sem jarðirnar hafa fengið vegna fyrirhleðslanna. Skal sýslunefnd afla ábyggilegra skýrslna um þetta áður en jafnað er niður gjaldinu, og skulu skýrslurnar gefnar af tveim óvilhöllum mönnum, er til þess skulu sérstaklega dómkvaddir. Verði þeir eigi sammála um einhver atriði, dómkveður héraðsdómari, ef hann á hér eigi hagsmuna að gæta, ella næsti héraðsdómari, þriðja manninn sem oddamaður.

Niðurfjöfnun sýslunefndar geta jarðeigendur, sem gjaldið er jafnað niður á, skotið til atvinnumálaráðherra, er lætur rannsaka málavöxtu og leggur á þá fullnaðarúrskurð.

4. gr.

Sé gjald það, sem þannig er jafnað niður á jarðir þær, sem hér eiga hlut að máli samkvæmt 3. gr., eigi greitt með þeim hætti, er sýslunefnd áskilur, getur hún látið taka eignarnámi jörð þá, sem vanskilin stafa frá, og verður sýslufélagið eigandi jarðarinnar. Greiðir það jarðeiganda það, sem umfram er af matsverði jarðarinnar, gjaldi því og kostnaði, sem honum ber að greiða.

Til þess að meta jörð til eignarnáms samkvæmt því, sem hér segir, dómkveður héraðsdómari 3 óvilhalla menn, sem ekki eru við fyrirtækið riðnir. Um mat þetta, og yfirmat, þurfi á því að halda, fer að öðru leyti eftir ákvæðum vatnalaganna frá 20. júní 1923.

5. gr.

Ríkisstjórnin sér um framkvæmd allra þeirra mannvirkja, er um ræðir í lögum þessum, en umsjón og viðhald mannvirkja þeirra, er um ræðir í 1. gr.

6. og 7. lið, að þeim loknum, annast sýslunefnd, þó með þeirri undantekningu, **27**
er um getur í 7. gr. Kostnaði, sem af viðhaldi leiðir, getur sýslunefnd jafnað ^{23. júní}
niður á hlutaðeigandi jarðir, eftir sömu reglum og í 3. gr. segir um niðurfjöfnun
á stofnkostnaðarhlutdeild sýslufélagsins.

Leiguliði á jörð skal skyldur, ef jarðeigandi krefst, að viðlögðum ábúðar-
missi, að greiða hinn árlega niðurfjöfnaða viðhaldskostnað, en af stofnkostnaði
eigi meira en vexti af því, sem jarðeigandi hefir lagt fram.

6. gr.

Bætur fyrir skemmdir á landi, er sannað þykir að fyrirhleðslur þær,
sem gerðar eru til þess að veita vötnunum í farveg Markarfljóts, hafi beinlínis
valdið, skal telja með kostnaði við verkið. Má ákveða slíkar skaðabætur eftir
samkomulagi milli landeiganda og umboðsmanns stjórnarvalda þeirra, sem
bætur eiga að greiða. Nú næst ekki samkomulag, eða ef um verulegt tjón er að
ræða, og skal þá ákveða bætur eftir mati tveggja dómkvaddra manna, að til-
kvöddum báðum mál aðiljum. Skal að öðru leyti fara um framkvæmd mats-
ins og greiðslu skaðabóta svo sem fyrir er mælt í vatnalögunum frá 20. júní 1923.

7. gr.

Viðhald mannvirkja þeirra, sem gerð verða skv. lögum þessum, skal
kosta af sýslufélagi Rangárvallasýslu og ríkissjóði í sömu hlutföllum og stofn-
kostnað. Framkvæmd viðhaldsins annast ríkisstjórnin.

8. gr.

Ákvæði laga þessara um viðhald flóðgátta og mannvirkja til varnar
ágangi vatns skulu einnig gilda að því er snertir mannvirki, sem gerð hafa
verið samkvæmt lögum nr. 69, 14. nóv. 1917, um fyrirhleðslu fyrir Þverá og
Markarfljót.

9. gr.

Ríkisstjórnin skal hafa eftirlit með því, að mannvirkjum þeim, er gerð
verða, sé vel við haldið, og skal sýslunefnd Rangárvallasýslu skylt að hlíta
fyrirskipunum hennar hér að lútandi.

Um viðhaldið og allt það, er þar til heyrir, skal sýslunefnd gera sam-
þykkt, og skulu þar greindar þær jarðir allar, sem verkið nær til samkvæmt
ákvæðum þessara laga. Samþykktin öðlast gildi, er hún hefir hlotið staðfest-
ing atvinnumálaráðuneytisins.

Sektir má ákveða í samþykktinni fyrir brot gegn henni, og renna þær í
sérstakan sjóð, til viðhalds fyrirhleðslunum. Með mál út af brotum gegn sam-
þykktinni skal fara sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán til framkvæmda þeirra, sem talda-
eru í 1.—4. lið 1. gr. laga þessara.

27

23. júní

11. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 69, 14. nóv. 1917, um fyrirhleðslu fyrir Þverá og Markarfljót.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Christiansborgarhöll, 23. júní 1932.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Dorsteinn Briem.

28

23. júní

L Ö G

um

undirbúning á raforkuveitum til almenningsparfa.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Vegamálastjóra er falið að rannsaka og gera tillögur um heildartilhögun á raforkuveitum til almenningsparfa í þeim hlutum landsins, þar sem hann að undangenginni athugun telur hentugt að fullnægja raforkuþörfum almennings með orkuveitum frá háspennuveri, er taki yfir meira en einn hrepp eða kaupstað. Með rannsókn þessari skal leysa úr því, hver fallvötn séu hentust til virkjunar fyrir hvern landshluta og yfir hve stórt svæði henti að leggja veitutaugar frá hverju þeirra. Svo skal og gera kostnaðaráætlanir um þessi mannvirki og áætlanir um rekstrarafkomu og styrkþörf hvers orkuvers með tilheyrandi tauga-kerfi. Gera skal frumdrætti af fyrirhuguðum mannvirkjum, eftir því sem nauðsyn krefur vegna þessara kostnaðaráætlana.